

## 8. stjórnarfundur EBAK 17. febrúar 2021

Mættir: Hallgrímur Gíslason formaður, Torfhildur Þorgeirsdóttir gjaldkeri, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir varaformaður, Eva B. Magnúsdóttir, Sigurður Harðarson, Helgi Aðalsteinsson og Birgir Svavarsson. Fjarverandi eru Friðrik Vagn Guðjónsson og Garðar Lárusson ritari.

1. Fundarsetning kl: 13:00

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.

3. Viðvera í Bugðusiðu. Torfhildur heldur áfram að taka símann á meðan staðan er óbreytt.

4. Næsti stjórnarfundur. Tillaga um 3. mars kl. 13.00 borin upp og samþykkt.

### 5. Frá síðasta stjórnarfundum:

a) **Aðgerðaráætlun:** Bréf var sent til bæjarráðs. Það fól velferðarráði og frístundaráði að skipa samráðshóp um verkefnið, með áherslu á heilsuefningu. Frístundaráð er búið að skipa Bjarka Ármann Oddsson og Evu Hrund Einarsdóttur í hópinn. Ákveðið var að Hallgrímur og Úlfhildur yrðu fulltrúar EBAK.

Grein eftir Hallgrím um þjónustu við eldri borgara birtist í Vikublaðinu. Henni var deilt á netmiðlana Tröllli.is og kaffi.is.

b) **Félagsmiðstöðvar:** Formaður notendaráðs sendi póst vegna flutning á hluta af starfsemi Punktsins upp í Viðilund. Gert er ráð fyrir flutningnum í fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar. Kynna þarf málið nánar bæði í Viðilundi og fyrir notendum Punktsins. Bjarki er að koma sér inn í starfið á Akureyri og biður um góða samstöðu í þessum málum svo og öðrum sem verið er að taka ákvarðanir um. Formaður og varaformaður notendaráðs hafa sagt af sér einkum vegna Punkts málsins.

### 6. Undirbúningur aðalfundar:

a) **Uppstillinganefnd** er að störfum og er langt komin með sín störf. Stjórnin þarf að velja 2 einstaklinga í uppstillingarnefnd. Hallgrímur ætlar að ræða við 2 aðila.

b) **Breytingar á samþykktum:** Farið var yfir þær breytingar sem þarf að gera.

Það þarf að leggja til á aðalfundi að hækka viðbótarkostnaðinn við árgjald þegar greitt er með greiðsluseðlum.

7. **Afsláttarbók 2021:** Sigurður Harðarson hafði umsjón með þeirri vinnu og er hann búinn að senda allar upplýsingar frá sér. Aukning frá fyrra ári er umtalsverð, úr 54 í 84 fyrirtæki sem ætla að gefa okkur afslátt. Formaður þakkaði stjórnarmönnum fyrir gott starf við verkið.

8. **Húsnæðismál:** Rætt um hvort og þá hvernig væri æskilegt að við nýttum hluta af sjóðum EBAK í tengslum við nýtt húsnæði. Höfum ekki fengið nein svör frá bæjarstjórn um hugsanlega stækkun.

Búið er að samþykkja aðal- og deiliskipulag í Holtahverfi norður. Búfesti fær væntanlega um 70% af íbúðum á nyrsta svæðinu.

9. **Afmælisnefnd:** Úlfhildur samþykkti að vera formaður nefndarinnar. Nefndin getur valið fleiri sér til aðstoðar.

10. **Önnur mál:** Hallgrímur las upp bréf frá LEB með hvatningu til framboðanna að hafa eldri borgara ofarlega á listum fyrir kosningar næsta haust, til að hafa áhrif á málefni okkar.

Fundi slitið kl: 15:15. Eva B. Magnúsdóttir og Hallgrímur Gíslason rituðu fundargerð.